

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laufey Jensdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Joanna Bauer
Andrzej Kleina

2. fiöla

Páll Palomares
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Justyna Bidler

Vióla

Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Lucja Koczo
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson

Bassi

T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Richard Korn

Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir
Berglind Stefánsdóttir

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Britta Cortabarría
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Maximilian Riefellner
Emil Friðfinnsson
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Elísabet Waage

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Á döfinni hjá Litla tónsprotanum

Jólatónleikar Sinfóníunnar

16. desember 2023 kl. 14 og 16

17. desember 2023 kl. 14 og 16

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa um árabíl notið gífurlegra vinsælda þar sem sígildar jólaperlur í bland við klassísk jólaævintýri og grípandi hljómsveitartónlist eru allsráðandi. Ungir hljóðfæraleikarar, ballettdansarar og einleikarar ásamt stúlknaðkór Reykjavíkur, Páli Óskari, Jóhönnu Guðrúnu og Kolbrúnu Völkudóttur færa hlustendum jólalögin í sannkölluðum hátíðarbúningi.

Dimmalimm og Svanavatnið

17. febrúar 2024 kl. 14

Ævintýrið um Dimmalimm er meðal helstu gersema listmálarans Muggs sem málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta í tónleikasal. Tónlist Atla Heimis Sveinssonar við verkið verður flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, Graduale-kór Langholtskirkju og dönsurum úr Listdanskóla Íslands. Valdir þættir úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskíj hljóma einnig á tónleikunum og trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, er kynnrir og sögumaður.

Eldfuglinn

4. maí 2024 kl. 14

Eldfuglinn er eitt litríkasta hljómsveitarævintýri sem sögur fara af. Á þessum kraftmiklu tónleikum segir Halldóra Geirharðsdóttir tónleikagestum frá Eldfuglinum sem birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins, fjöregginu og gulleplunum. Myndum teiknarans Ara Yates, sem sýna Eldfuglinn dansa og svífa á milli greina töfratrjáanna, verður varpað upp meðan á flutningi stendur.

Hljómsveitarstjóri á öllum tónleikum Litla tónsprotans 2023-24 er Ross Jamie Collins, staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfisdóttir
fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tækni mála
Björk Björgúlfisdóttir
sviðs- og tækni maður

23. SEPTEMBER
2023

HARPA
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ástarsaga úr fjöllum

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 23. SEPTEMBER KL. 14:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Jóhann Sigurðarson
söngvari og sögumaður

Edvard Grieg

Holbergsvítan, fyrsti þáttur
Tröllamarsinn úr Lýrisku svítunni

Guðni Franzson

Ástarsaga úr fjöllum

Guðrún Helgadóttir

saga

Pétur Eggerz

söngtextar

Brian Pilkington

myndir



Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur

Um tónlist Edvards Grieg

Edvard Grieg fæddist í Björgvin í Noregi og sýndi snemma mikinn áhuga á tónlist og voru þjóðlög í sérstöku uppáhaldi hjá honum. Öll tónlist Griegs bergmálar náttúru Noregs sem var tónskáldinu svo kær enda var Grieg mikið náttúrubarn. Fjöll, dalir, firðir og vötn eiga öll sinn hljóm í tónlist Griegs að ógleymdum tröllunum.

Um Ástarsögu úr fjöllum

Guðni Franzson er alinn upp á Keldum, milli Grafarvogs og Grafarholts, í sveit sem er núna inni í miðri Reykjavík. Fá hús voru á svæðinu, nokkrir sveitabærir en hvorki blokkir né einbýlishús. Þó áttu álfarnir og huldufólkið eitt hús, stóran stein „sögusteinn“, rétt fyrir neðan Grafarholt. Við þennan stein áttu krakkarnir á Keldum búið sitt og léku allan daginn með álfunum við að baka drullukökur og borða hundasúrur. Guðni samdi lög fyrir álfana og tröllin sem földu sig ofar í holtinu og spilaði fyrir þau á klarínettið sitt.

Pétur Eggerz hefur unnið að leiksýningum fyrir börn sem leikari, leikstjóri og höfundur. Hann hefur samið texta við fjölda laga, bæði fyrir leiksýningar og önnur tilefni. Pétur og Guðni Franzson hafa hjálpast að í marga áratugi við að taka á móti íslensku jólasveinunum þegar þeir heimsækja Þjóðminjasafnið fyrir jólin.

Brian Pilkington kom í heimsókn til Íslands árið 1976 og líkaði svo vel að hann ákvað að setjast hér að. Fyrsta bókin sem hann myndskreytti var Ástarsaga úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Síðan þá hefur hann myndskreytt fjölda barnabóka og samið og myndskreytt margar bækur um tröll og jólasveina.



Saga Guðrúnar Helgadóttur

„Drengurinn situr á steininum hjá pabba og hlustar á sögur. Sögu-steinninn er besti steinn á Íslandi. Það finnst drengnum. Líka pabba.“ Á þessum orðum hefst hin margrómaða Ástarsaga úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur þar sem Flumbra, tröllkarlinn og tröllastrákarnir þeirra átta eiga sinn samastað. Ástarsaga úr fjöllum hefur notið mikilla vinsælda og hefur verið þýdd á fjölda erlendra tungumála. Í sögunni, sem er tröllslega fyndin og stútfull af ást, veitir höfundur lesandanum innsýn í heillandi heim íslenskra þjóðsagna og ævintýra.

Hlúkedí búnk

Hlúkedí búnk og hompidí bei humm og dumm og fussumsvei!

Finum tröll

Förum saman upp á fjöll
finnum tröll, finnum tröll.
Flækjumst út um víðan völl,
við förum öll,
við förum öll.

Sögusteinninn

Setjumst undir sögustein,
saman leggjum eyrun við,
sjáum hvort hér stíga á svið álfar,
tröll og aðrar vættir,
undarlegir landsins drættir
okkur kunna að leggja lið.

